

Þórbjörn Áskelsson

1025/5

Þórbjörn Áskelsson fæddist 6. júlí 1904 að Austari-Krókum á Flateyjarðalsheiði. Foreldrar hans voru Áskell Hannesson bóndi f. 29.5. 1875, d. 31.3.1953, og Laufey Jóhannsdóttir Bessasonar f. 6.10.1877, d. 22.4.1927.

Þórbjörn var einn af ellefu systkinum.

Hann ólst upp með foreldrum sínum en þau fluttust að Skuggabjörgum í Dalsmynni 1909 og síðar að Fagraskógi í Arnarneshreppi 1921. Frá Fagraskógi lá leið þeirra að Svínárnesi á Látraströnd 1925 en að lokum fluttust þau til Grenivíkur 1928.

25. september 1932 kvæntist Þórbjörn Önnu Guðmundsdóttur, ljósmóður, frá Nýjabæ í Kelduhverfi f. 30. maí 1907 d. 18. febrúar 1983. Þau eignuðust sex börn, tvo drengi og fjórar stúlkur.

Þórbjörn sat í hreppsnefnd og skólanefnd Grýtubakkahrepps. Hann hafði mikinn áhuga á þeim málum sem gátu stuðlað að bættum hag byggðarlagsins.

Þórbjörn hóf ungur að aldri að leggja stund á sjómennsku, fyrst frá Skuggabjörgum og var á færaskipum. Hann var svo sjómaður í mörg ár.

Á meðan hann bjó á Svínárnesi lauk hann minna fiskimannaprófinu.

1930 hóf hann útgerð frá Grenivík ásamt Skafta bróður sínum. Saman gerðu þeir út bátinn Hjalta til ársins 1938. Var Þórbjörn skipstjóri á honum fyrstu árin. Eftir 1938 gerði Þórbjörn einn út bátinn til 1945 þegar hann seldi hann. Þórbjörn stofnaði, ásamt fleirum, Gjögur hf. árið 1946 og stóð fyrir því ævilangt.

Þórbjörn var einn af tólf sem fórust með TF-Hrímfaxa rétt hjá Osló í Noregi þann 14. apríl 1963. Hafði hann verið erlendis til þess að taka á móti fiskiskipinu Oddgeiri, sem Gjögur átti í smíðum í Hollandi. Var hann á heimleið að loknu erindinu þegar slysið varð.

Útför Þórbjarnar fór fram 27. apríl 1963 frá Grenivíkurkirkju.

Afhendingin barst frá Gísla Jónssyni og Birni Ingólfssyni. Önnur afhending frá sama skjalamyndara er 2025/33.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

21. október 2025

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

A-Þórbjörn Áskelsson

A-Þórbjörn Áskelsson

1920 - 1943

A	1	1	1924 - 1943	Skýrsla um aðalskoðun á Hjalta EA 360 (1924); mælingabréf fyrir mótorþilskipið Hjalta 1931 og 1932; bráðabirgðaskírteini vegna stofnframlags Þórbjörns til skipakaupa SÍS (1943).
A	1	2	1920 - 1929	Sjóferðabók Þórbjörns 1920-1929.